



HEILSUEFLANDI
framhaldsskóli

Hafnarfjörður 10. desember 2021

Kæru nemendur og foreldrar/forráðamenn

Þá er fyrri prófavíku að ljúka og í raun einungis tvö próf eftir á mánudaginn, í félagsfræði og sálfræði. Á þriðjudaginn fara síðustu forfallaprófin fram og á **miðvikudag, 15. desember kl: 09:00**, eru birtar **einkunnir í INNU**.

Í framhaldinu, eða frá klukkan 11:30-13:00, fer fram **prófsýning**, þar sem hægt er að sjá lokanámsmat (lokapróf og lokaverkefni) og rýna til gagns. Nánari upplýsingar um **fyrirkomulag prófsýningar** má sjá [hér](#).

Ég vil minna nemendur á að **skila bókum** á bókasafnið hið allra fyrsta. Einnig minni ég á greiðsluseðil fyrir skólavist á næstu önn en eindagi á honum er **14. desember**.

Ég vona að þið njótið þessara síðustu daga á önninni og aðventunnar í allri sinni litadýrð.

Með bestu kveðju,

Erla